

Þessu til staðfestingar hafa neðangreindir aðilar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Stokkhólmi hinn 20. janúar 1989 í fjórum eintökum á dönsku, finnsku, norsku og sænsku og eru allir textarnir jafngildir.

Til bekræftelse heraf har de behørigt befuldmægtigede underskrevet denne aftale.

Udfærdiget i Stockholm den 20. januar 1989 i 4 eksemplarer på dansk, finsk, norsk og svensk, hvilke tekster skal have lige gyldighed.

AUGLÝSING

um samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á Norðurlandasamningi um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð.

Hinn 5. apríl 2001 var sænska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samkomulags milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð frá 6. febrúar 1931, sem gert var í Ósló 25. febrúar 2000, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 39, þar sem samningurinn er birtur, og nr. 40, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 22/1969, 26/1973 og 3/1974. Alþingi hafði með lögum nr. 178 frá 20. desember 2000 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samkomulagið fyrir Íslands hönd. Tilkynt verður um gildistöku samkomulagsins síðar.

Samkomulagið er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

Samkomulag milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um breytingar á samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð er undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

I.

Á 8. gr. samningsins milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem undirritaður var í Stokkhólmi 6. febrúar 1931, um alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, eru gerðar eftirfarandi breytingar:

Í 1. mgr. falli brott orðið „framfærsluskyldu“. Í 1. málsl. 2. mgr. falli brott orðin „framfærsluskyldu og“ og 3. málsl. falli brott.

II.

Varðandi beitingu samkomulagsins í Færeyjum og á Grænlandi getur danska dómsmálaráðuneytið, að undangengnum samningaviðræðum við dómsmálaráðuneyti hinna samningsríkjanna, ákveðið þau frávik sem sérstakar færeyskar eða grænlenskar aðstæður krefjast.

III.

Samningsríkin geta gerst aðilar að samkomulagi þessu með

- a. undirritun án fyrirvara um fullgildingu, eða
- b. undirritun með fyrirvara um fullgildingu, ásamt eftirfarandi fullgildingu.

Fullgildingarskjölin skulu varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu.

Samkomulagið öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar er hefst tveimur mánuðum eftir að öll samningsríkin hafa gerst aðilar að samkomulaginu. Sænska utanríkisráðuneytið tilkynnir hinum samningsríkjunum um móttöku fullgildingarskjálanna til vörslu og hvenær samkomulagið öðlast gildi.

IV.

Frumrit þessa samkomulags skal varðveitt í sænska utanríkisráðuneytinu er lætur öðrum samningsríkjum í té staðfest endurrit.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar með fullgilt umboð undirritað samkomulag þetta.

Gjört í Ósló hinn 25. febrúar 2000 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og að því er sænskuna varðar í tveimur textum, öðrum fyrir Finnland og hinum fyrir Svíþjóð.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu mér sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 9. apríl 2001 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á reglugerð ráðsins frá 15. mars 2001 varðandi vegabréfsáritanir sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu mér sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlast gildi að því er Ísland varðar 10. apríl 2001.

Reglugerðin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 10. apríl 2001.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.